

## REGLUGERÐ

### **um (2.) breytingu á reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).**

#### 1. gr.

- Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast við þrír töluliðir, 33., 34. og 35. liður, sem orðast svo:
- 33) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/830 frá 28. maí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 392-415.
  - 34) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 frá 4. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 416-426.
  - 35) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1494 frá 4. september 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bensen) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 390-391.

#### 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/830 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 frá 4. júní 2015 um breytingu á reglugerð nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1494 frá 4. september 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bensen) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

Nr. 301

22. mars 2016

3. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. tl. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. mars 2016.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2016